

Afkoma Icelandair Group á fyrri helmingi 2007

- Heildartekjur á fyrri helmingi ársins 2007 voru 28.1 milljarðar króna en voru 24.1 milljarðar króna á sama tíma í fyrra og aukast um 17% á milli ára. Heildartekjur á öðrum ársfjórðungi 2007 voru 16.2 milljarðar króna en voru 14.5 milljarðar á sama tíma í fyrra og aukast um 12% á milli ára.
- EBITDA á fyrri helmingi ársins 2007 var 1.2 milljarðar króna en 1.3 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. EBITDA öðrum ársfjórðungi 2007 var 1.3 milljarðar króna en 1.6 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.
- EBIT var neikvætt um 197 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2007 sem er -180 milljóna króna munur miðað við sama tíma í fyrra. EBIT fyrir annan ársfjórðung 2007 var 636 milljónir króna en 1.1 milljarður króna á sama tíma í fyrra.
- Tap félagsins eftir skatta á fyrri helmingi ársins 2007 var 1 milljarður króna sambanborið við 658 milljóna króna hagnað á sama tíma í fyrra. Hagnaður félagsins eftir skatta á öðrum ársfjórðungi 2007 var 205 milljónir króna sambanborið við 1.2 milljarða króna hagnað á sama tíma í fyrra.
- Eignir í lok fyrri helmingis ársins 2007 námu 71.6 milljörðum króna en voru 76.6 milljarðar í lok ársins 2006.
- Yfirtaka á tékkneska flugfélaginu Travel Service á lokastigi
- Nordica verður Hilton Reykjavík Nordica
- Eiginfjárlutfall er 33% í lok fyrri hluta 2007 en var 34% í lok ársins 2006.
- Handbært fé frá rekstri á fyrri hluta 2007 3.6 milljarðar króna, en var 3.9 milljarðar króna á fyrri hluta ársins 2006.
- Skipulagsbreytingar framundan
- EBITDAR á fyrri helmingi 2007 var 3.7 milljarðar króna en 3 milljarðar króna á fyrri helmingi 2006. EBITDAR á öðrum ársfjórðungi 2007 var 2.6 milljarður króna miðað við 2.5 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2006.

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group, segir

"EBITDA Icelandair Group á fyrri helmingi ársins er í takti við væntingar stjórnenda. Samt sem áður hefur gengisþróun krónunnar veruleg áhrif á heildarafkomu félagsins. Helsta einkenni starfseminnar var mikill vöxtur í framboði og stækkun flugflota, sem gefur aukin tekjumyndunarfæri á síðari hluta ársins. Afkoma í áætlunarflugi innan Icelandair Group er undir væntingum þar sem aukið framboð hefur ekki skilað sér í þeim tekjuauka sem við gerðum ráð fyrir. Bókanir fyrir sumarið og haustið líta vel út en áframhaldandi þrýstingur á meðalfargjaldið er fyrirsjáanlegur vegna harðrar samkeppni. Við erum að ljúka yfirtöku á tékkneska flugfélaginu Travel Service, sem kemur inn í reksturinn á síðari hluta ársins. Þetta undirstrikar öran vöxt okkar og þörfina á nýju skipulagi samstæðunar sem verður kynnt á næstu vikum. Við gerum áfram ráð fyrir góðum hagnaði af starfseminni á árinu og betri afkomu en á síðasta ári; en ljóst er að mikil vinna er framundan ef markmið okkar eiga að nást".

Lykiltölur úr rekstri –Á2 og H1 2007

ISK'000.000						
	Actuals Q2 07	Proforma Q2 06	Chg.	Actuals H1 07	Proforma H1 06	Chg.
Transport revenue	9.686	9.613	1%	16.001	15.168	5%
Aircraft and aircrew lease	3.750	2.268	65%	6.363	4.485	42%
Other	2.755	2.600	6%	5.732	4.423	30%
Operating Income	16.191	14.481	12%	28.096	24.076	17%
Salaries and related expenses	5.329	4.447	20%	9.931	8.287	20%
Aircraft fuel	2.334	2.575	-9%	4.013	4.229	-5%
Aircraft and aircrew lease	2.416	1.253	93%	3.852	2.128	81%
Aircraft maintenance	836	808	3%	1.863	1.503	24%
Other	6.598	6.962	-5%	9.678	9.228	5%
EBITDA	1.322	1.564		1.241	1.299	
EBIT	636	1.115		-197	-17	
EBT	270	1.520		-1.271	803	
Net Profit/Loss	205	1.246		-1.024	658	
EBITDAR	2.624	2.504		3.651	2.952	

Rekstrareiningar- fyrri hluti 2007

ISK'000.000						
	Scheduled airline	Capacity solutions	Travel and tourism	Shared Services	Elimi- nations	Con- solidated
Segment revenue	19.639	6.663	3.937	334	-2.477	28.096
Segment cost	-19.387	-5.638	-3.718	-589	2.477	-26.855
Segment EBITDA	252	1.025	219	-255		1.241
Segment EBIT	-574	872	-26	-469		-197
Net finance cost	-400	-190	22	-633		-1.201
Share of profit of associates		127				127
EBT	-974	809	-4	-1.102		-1.271
Income tax	174	-145	0	218		247
Net Profit	-800	664	-4	-884		-1.024
Segment EBITDAR	1.772	1.675	459	-255		3.651

Rekstrareiningar-Á2 2007

ISK'000.000						
	Scheduled airline	Capacity solutions	Travel and tourism	Shared Services	Elimi- nations	Con- solidated
Segment revenue	9.411	3.465	2.416	170	729	16.191
Segment cost	-8.347	-3.349	-2.199	-245	-729	-14.869
Segment EBITDA	1.064	116	217	-75		1.322
Segment EBIT	639	58	94	-155		636
Net finance cost	-201	-95	34	-170		-432
Share of profit of associates	0	66	0	0		66
EBT	438	29	128	-325		270
Income tax	-79	-28	-24	66		-65
Net Profit	359	1	104	-259		205
Segment EBITDAR	1.841	524	334	-75		2.624

Afkomutilkynning fyrri hluti 2007

Tekjur

Heildartekjur á fyrri helming ársins 2007 námu 28.1 milljarði króna miðað við 24.1 milljarð króna á sama tíma í fyrra sem er 17% aukning miðað við í fyrra. Heildartekjur á öðrum ársfjórðungi 2007 voru 16.2 milljarðar miðað við 14.5 milljarða króna á sama tíma í fyrra sem er 12% aukning miðað við í fyrra. Þessi tekjuaukning á fyrst og fremst rætur að rekja til sölu flugvéla á fyrsta ársfjórðungi sem nam 1.2 milljörðum króna sem og aukning í leiguflygsstarfsemi.

- **Alþjóðlegur flugrekstur** tekjur voru 19.6 milljarðar á fyrri helmingi ársins 2007 en 18.6 milljarðar á fyrri hluta ársins 2006 og 9.4 milljarðar á öðrum ársfjórðungi 2007 miðað við 11.5 milljarða króna á sama tíma 2006. Farþegatekjur voru lægri og þar sem meðalfargjaldið hjá Icelandair var nokkuð lægra en gert var ráð fyrir, ásamt því að ónýtt framboðs aukning leiðir til lægri einingatekna.
- **Leiguflyg og flugvélaviðskipti** tekjur voru 6.7 milljarðar á fyrri helmingi ársins 2007 en 4.8 milljarðar króna á fyrri hluta ársins 2006 og 3.5 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2007 en 2.2 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2006. Nyjar vélar Bluebird byrjuðu seinna að skapa tekjur en áætlað var, og verkefnastaða var verri á fyrri helmingi ársins en 2006. Hins vegar var nýting framleiðslugetu Loftleiða betri en 2006, sem endurspeglar mun sterkari verkefnastöðu en á fyrra ári.
- **Ferðapjónusta** tekjur voru 3.9 milljarðar króna á fyrri hluta ársins 2007 en 3.5 milljarðar króna á fyrri hluta ársins 2006 og 2.4 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2007 en 2.2 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2006. Tekjur Icelandair Hotels voru meiri vegna meiri eftirspurnar og hærri herbergjanýtingar. Farþegatekjur Flugfélags Íslands hækkðu vegna meiri eftirspurnar og nys áfrangastaðar, Vestmannaeyja.
- **Fjárvakur** tekjur voru 334 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2007 en 283 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2006 og 170 milljónir á öðrum ársfjórðungi 2007 en 159 milljónir miðað við annan ársfjórðung 2006.

Rekstrargjöld

Gjöld Icelandair Group nam 26.9 milljörðum króna á fyrri hluta ársins 2007 en 22.8 milljörðum króna á fyrri helmingi 2006. Gjöld námu 14.9 milljörðum á öðrum ársfjórðungi 2007 en 12.9 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2006.

- **Alþjóðlegur Flugrekstur** gjöld voru 19.4 milljarðar króna á fyrri hluta ársins 2007 en 18.1 milljarður króna á fyrri hluta ársins 2006 og 8.3 milljarðar á öðrum ársfjórðungi 2007 en 10.2 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2006. Þetta er að mestum hluta til skýrt með háum viðhaldskostnaði hjá Icelandair og Icelandair Cargo, innleiðingarkostnaði flugvéla, ásamt hærri áhafnakostnaði.
- **Leiguflyg og flugvélaviðskipti** gjöld voru 5.6 milljarðar króna á fyrri hluta ársins 2007 en 4.3 milljarðar króna á fyrri hluta ársins 2006 og 3.3 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2007 en 2.3 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2006. Bluebird nýtti óvæntan dauðan tíma til viðhaldsverkefna og því var viðhaldskostnaður fjórðungsins umfram áætlanir. Latcharter dótturfélag Loftleiða þurfti að takast á við seinkanir á afhendingu véla sem skapaði mikla gjaldaaukningu m.a vegna endurleigu á öðrum vélum
- **Ferðapjónusta** gjöld voru 3.7 milljarðar króna á fyrri hluta ársins 2007 en 3.2 milljarðar á fyrri hluta ársins 2006 og 2.2 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2007 en 2 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2006. Hækkun kostnaðar á milli ára skýrist af hærri viðhaldskostnaði og hærri launakostnaðar vegna samningsbundinna launahækkana.
- **Fjárvakur** gjöld voru 589 milljónir króna á fyrri helmingi 2007 en 283 milljónir á sama tíma í fyrra og 245 milljónir á öðrum ársfjórðungi 2007 en 119 milljónir á öðrum ársfjórðungi 2006.

Samanburður –Lykiltölur

ISK'000.000					
	Proforma	Proforma	Proforma	Actuals	Actuals
	Q2 06	Q3 06	Q4 06	Q1 07	Q2 07
Transport revenue	9.613	12.480	7.306	6.315	9.686
Aircraft and aircrew lease	2.268	3.290	2.900	2.613	3.750
Other	2.600	3.707	2.384	2.977	2.755
Operating Income	14.481	19.477	12.590	11.905	16.191
Salaries and related expenses	4.447	4.721	4.753	4.602	5.329
Aircraft fuel	2.575	3.160	2.135	1.679	2.334
Aircraft and aircrew lease	1.253	1.460	1.619	1.436	2.416
Aircraft maintenance	808	862	746	1.027	836
Other	6.962	13.695	3.675	3.080	6.598
EBITDA	1.564	4.421	338	-81	1.322
EBIT	1.115	3.739	-396	-833	636
EBT	1.520	3.016	-759	-1.541	270
Net Profit	1.246	2.508	-551	-1.229	205
EBITDAR	2.504	5.512	1.535	1.027	2.624

Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld á fyrri hluta 2007 námu 1.2 milljörðum króna miðað við 753 milljóna króna fjármagnstekjur á fyrri hluta 2006. Fjármagnsgjöld á öðrum ársfjórðungi 2007 námu 432 milljónum króna miðað við 347 milljón króna fjármagnstekjur á öðrum ársfjórðungi 2006. Þessi gjöld stafa einkum af háum vaxtakostnaði á nýjum lánum vegna fjármögnunar og fjárfestinga, hærri markaðsvaxta og álags, sem og lægri sjóðsstöðu og kostnaðar vegna skuldbreytinga og endurfjármögnunar. Gengi gjaldmiðla hafði mikil áhrif á fyrirtækið, þar sem íslenska krónan styrktist um 9,4% á árinu 2007 miðað við veikingu hennar um 30% á árinu 2006.

Hagnaður/Tap

EBITDA á fyrri hluta ársins 2007 var 1.2 milljarðar króna en 1.3 milljarðar króna á sama tímabili 2006. EBITDA á öðrum ársfjórðungi 2007 var 1.3 milljarðar króna en 1.6 milljarðar króna á sama tímabili 2006. EBIT á fyrri hluta ársins 2007 var neikvætt um 197 milljónir króna, sem er 180 króna munur miðað við sama tímabil 2006. EBIT á öðrum ársfjórðungi 2007 var 636 milljónir króna samborið við 1.1 milljarð króna á sama tímabili 2006.

Icelandair Group er að kynna í fyrsta sinn til sögunnar EBITDAR. EBITAR er mælikvarði sem er oft notaður í flugrekstri þar sem leiga er undanskilin niðurstöðunni til þess að fá skyrari mynd af rekstrinum sjálfum þar sem flugvéla-leiga er óvenju há. EBITDAR á fyrri helmingi ársins 2007 var 3.7 milljarðar krónar miðað við 3 milljarða króna á fyrri helmingi 2006. EBITDAR á öðrum ársfjórðungi 2007 var 2.6 milljarðar króna miðað við 2.5 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2006.

Tap á fyrri hluta 2007 nam 1 milljarði króna, en hagnaður var upp á 658 milljónir á fyrri hluta 2006. Hagnaður á öðrum ársfjórðungi 2007 var 205 milljónir króna, en hagnaður á öðrum ársfjórðungi 2006 var 1.2 milljarðar króna

Efnahagsreikningur

Heildar eignir voru 76.7 milljarðar króna í árslok 2006 en 71.6 milljarðar króna í lok fyrri helmings 2007.

Afkomutilkynning fyrri hluti 2007

Eiginfjárlutfall í lok fyrri hluta ársins 2007 var 33% miðað við 34% í árslok 2006.

Sjóðsstreymi

Veltufé frá rekstri nam 3.6 milljörðum króna í lok fyrri helming 2007 miðað við 3.8 milljarða króna í loks fyrri helming 2006. Varanlegir rekstarfjármunir og skuldir jukust úr 2.5 milljörðum króna í árslok 2006 í 5.2 milljarða á lok fyrri hluta 2007.

Verkefni á öðrum ársfjórðungi

Yfirtaka á Travel Service

Icelandair Group tilkynnti undirskrift viljayfirlýsingar um kaup á tékkneska flugfélaginu Travel Service. Áreiðanleikakönnun hefur farið fram og yfirtökunni að ljúka. Áætlað er að Travel Service verði innleitt inn í rekstur Icelandair Group frá 1. júlí 2007.

Vöxtur Icelandair Cargo

Icelandair Cargo skrifaði í maí undir samning við Avion Aircraft Trading um leigu og kaup á fjórum nýjum Airbus A330-200 fraktvélum. Tvær vélanna verða afhentar vorið 2010 og tvær vorið 2001. Með þessum fjórum Airbus þotum er Icelandair Cargo að hrinda í framkvæmd lang tíma stefnu sinni um að reka hagkvæmar þotur, og langar leiðir í áætlunarflugi til markaða í Asíu og Ameríku sem og að margfalda stærð félagsins, og auka umsvif á Keflavíkurflugvelli.

Hilton Sérleyfi og miðbæjarhótel

Icelandair Hotel og Hilton Hotel Corporation tilkynntu um undirritun sérleyfissamnings, um fjögurra stjörnu Nordica Hotelið í Reykjavík. Hotelið verður Hilton Reykjavík Nordica og er fyrsta Hilton hotelið á Íslandi.

Icelandair Hotels Group og Rivulus ehf (owned by Glitnir bank) skrifuðu undir samkomulag um byggingu nýs hótels í miðbæ Reykjavíkur. Nýja hotelið, sem enn hefur ekki fengið nafn, verður 4 stjörnu, 133 herbergja lúxus hótel. Hotelið verður með líkamsræktaraðstöðu, veitingastað á jarðhæð og morgunverðarstofu á efstu hæð.

Horfur seinni hluti 2007

- Skipulagsbreytingar Stjórnendur Icelandair Group hafa síðustu mánuði unnið að skipulagsbreytingum fyrir samstæðuna. Öx vöxtur félagsins á þessu ári, og nýjasta viðbótin Travel Service hafa gert þessar breytingar nauðsynlegar. Nýtt skipurit verður kynnt á næstunni. Nýja skipulagið mun bæta einni rekstrareiningu inn í skipulagið, og meiri áhersla verður lagt á hverja rekstrareiningu fyrir sig, með stofnun nýrrar framkvæmdastjórnar Icelandair Group til þess að fylgjast með rekstri eininganna. Ráðið verður í nýja stöðu framkvæmdastjóra Alþjóðlegs flugreksturs á næstu vikum.
- Rekstur Icelandair Framboðsaukning Icelandair er ekki að skila eins miklum tekjum og gert var ráð fyrir, en breytingar á leiðakerfinu og sveigjanleiki í flota samstæðunnar nýtist til þess að hámarka framlegð af viðbótarvélum. Bókanir fyrir sumarið og haustið líta vel út en við sjáum fram á áframhaldandi þrýsting á meðalfargjaldið. Við sjáum mikil tækifæri í nýju og sveigjanlegu fargjaldakerfi okkar á seinni hluta ársins 2007. Markaðurinn frá Íslandi heldur áfram að vera sterkur, en hörð samkeppni einkennir Norður Atlantshafsmarkaðinn.
- Sterkt kostnaðaraðhald í samstæðunni mun einkenna seinni hluta ársins.
- Verkefnastaða og horfur í Leiguflugi og flugvélaviðskiptum eru áfram góðar



14.08.07

Afkomutilkynning fyrir hluti 2007

Endurskoðun

Samstæðuuppgjör Icelandair Group fyrir fyrstu 6 mánuði 2007 var samþykkt á stjórnarfundum þann 14. ágúst 2007. Uppgjörið er hefur verið endurskoðað athugasemdalaust af endurskoðendum félagsins.

Icelandair Group –Kynningarfundur fyrir markaðsaðila 15. ágúst nk.

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn miðvikudaginn 15. ágúst, á Hótel Loftleiðum (Sal 1). Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group mun kynna afkomu félagsins og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 8:30.

Kynningarfundur á ensku verður varpað á netinu kl. 13:00 þann 15. ágúst á slóðinni:

<https://icelandairgroup.webex.com/icelandairgroup/onstage/g.php?d=843616464&t=a>

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands

Fjárhagsdagatal 2007

Birting uppgjörs fyrir 3. ársfjórðung verður 13. nóvember 2007.

Birting uppgjörs fyrir 4. ársfjórðung og ársuppgjör verður birt í viku 8 2008.

Frekari upplýsingar veita:

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group og Icelandair

sími: 505-0371

Guðjón Arngrímsson upplýsingastjóri

sími: 864-5849